

Nd.

598. Breytingartillögur

[235. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Í stað síðustu málsgr. 11. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Heimilt er að flytja lektor í dósentstöðu og dósent í prófessorsembætti skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Háskólaráð getur lagt til að forstöðumaður háskólastofnunar sé fluttur í prófessorsembætti eftir sömu reglum og gilda um flutning dósentis í prófessorsembætti.

2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 1. mgr. 36. gr. laganna komi tvær nýjar málsgr. er hljóði svo:

Í tengslum við skrifstofu háskólans starfar þjónustumiðstöð sem annast gerð samninga milli aðila innan háskólans og utan um einstök verkefni. Allir meiri háttar samningar eru háðir samþykki háskólaráðs.

Háskólanum skal heimilt með samþykki háskólaráðs og menntamálaráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum er séu hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stundi framleiðslu og sölu, sem lýtur að slíkri starfsemi, í því skyni að þróa hugmyndir og hagnýta niðurstöður rannsókna og þjónustuverkefna sem háskólinn vinnur að hverju sinni.